



Fundargerð

186. fundur Skipulagsnefndar haldinn í fjarfundi, Miðvikudaginn 21. júní 2023, kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Jón Hrafn Karlsson, Rúnar Þorri Guðnason, Jóhannes Gissurarson, Guðbrandur Magnússon, Elín Heiða Valsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Guðmundur Vignir Steinsson, Margrét Ólafsdóttir, Óskar Örn Gunnarsson og Einar Kristján Jónsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson

Jón Hrafn Karlsson, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboð fundarins.

Almenn mál

- 2211019 - Fjaðrárgljúfur breyting á deiliskipulagi.
Tekin fyrir breyting á deiliskipulagi Fjaðrárgljúfurs eftir auglýsingu. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 20. júní 2023. Fyrir liggja umsagnir frá Vegagerðinni og Fiskistofu.
Skipulagsnefnd samþykkir breytinguna og felur skipulagsfulltrúa að afgreiða tillöguna í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- 2212020 - Geirland, breyting á deiliskipulagi
Tekin fyrir breyting á deiliskipulagi ferðapjónustunnar á Geirlandi eftir auglýsingu. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 5. júní 2023. Fyrir liggur umsögn frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.
Skipulagsnefnd samþykkir breytinguna og felur skipulagsfulltrúa að afgreiða tillöguna í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- 2302029 - Núpar, breyting á deiliskipulagi
Tekin fyrir breyting á deiliskipulagi fyrir Núpa eftir auglýsingu. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 5. júní 2023. Fyrir liggja umsagnir frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Minjastofnun Íslands.
Skipulagsnefnd, samþykkir breytinguna og felur skipulagsfulltrúa að afgreiða tillöguna í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- 2303004 - Breyting á deiliskipulagi íbúða- og frístundabyggðar í landi Efri-Víkur við Kindagötu
Tekin fyrir óveruleg breyting á deiliskipulagi íbúðar og frístundabyggðar í landi Efri-Víkur við Kindagötu eftir grenndarkynningu sem stóð frá 17. apríl til 15. maí 2023. Engar athugasemdir bárust á kynningartíma tillögunnar.
Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.



5. 2306032 - Hrífunes I 216583, deiliskipulag
Fyrir liggur tillaga að deiliskipulagi fyrir Hrífunes, landnúmer 216583. Meðfylgjandi er uppdráttur dagsettur 19. janúar 2023. Tillagan gengur út að gert er ráð fyrir 18 byggingareitum innan svæðisins þar sem heimilt verður að byggja 65-200 m² frístundahús til útleigu.
Skipulagsnefnd frestar málinu. Skipulagsfulltrúa falið að koma ábendingum sem fram komu á fundinum til skipulagshöfundar.

6. 1802012 - Húsnúmer prestseturs
Lagt fram bréf dagsett 5. febrúar 2018, frá þáverandi sóknarpresti, Ingólfi Hartvígssyni. Sóknarpresturinn óskar eftir að prestssetrið á Kirkjubæjarklausti sem er staðsett við Klausturveg fái skráð húsnúmer.
Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að beiðnin verði samþykkt og að prestssetrið verði númer 9 við Klausturveg.

7. 2306028 - Stofnun lóðar úr landi Prestsbakka
Óskað er eftir því að fá að stofna nýja lóð úr landi Prestsbakka, landnr. L163423. Lóðin er 0,3ha að stærð. Aðkoma að lóð er af núverandi vegi sem liggur af Prestsbakkavegi (202). Jafnframt er óskað eftir að lóðin fái heitið Búrhylur. Meðfylgjandi er eyðublað F-550 og lóðablað unnið af Landmótun.
Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að stofnun lóðarinnar verði samþykkt

8. 2301003 - Hlíð 163361 vegsvæði
Erindi frá Direkta lögfræðipjónustu, dagsett 4. janúar 2023. Í erindinu er sótt um stofnun 15.134 m² vegsvæðis úr landi Hlíðar. Erindinu fylgir uppdráttur er sýnir vegsvæðið.
Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að stofnun lóðarinnar verði samþykkt.

9. 2301001 - Hlíð-lóð 218916 vegsvæði
Erindi frá Direkta lögfræðipjónustu, dagsett 4. janúar 2023. Í erindinu er sótt um stofnun 9.022 m² vegsvæðis úr landi Hlíð-lóð. Erindinu fylgir uppdráttur er sýnir vegsvæðið.
Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að stofnun lóðarinnar verði samþykkt.

10. 2301002 - Úthlíð 163462 vegsvæði
Erindi frá Direkta lögfræðipjónustu, dagsett 4. janúar 2023. Í erindinu er sótt um stofnun 98.445 m² vegsvæðis úr landi Úthlíðar. Erindinu fylgir uppdráttur er sýnir vegsvæðið.
Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að stofnun lóðarinnar verði samþykkt.



11. 2306031 - Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku á Hrífunesheiði
Erindi frá Vegagerðinni dagsett 1. júní 2023. Í erindinu er sótt um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku á nýju efnistökusvæði skammt frá námu í Hrífunesheiði, nr. 22699 í námukerfi Vegagerðarinnar. Fyrirhugað efnistökusvæði er um 600 m frá Hrífunesvegi og um 7 km frá Hringveginum. Alls er áætlað að taka um 4.000 m³ af efni úr námunni.

Skipulagsnefnd samþykkir að skipulagsfulltrúa verði heimilt að veita framkvæmdaleyfi sbr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 11. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 enda náman skilgreind í auglýstri tillögu endurskoðaðs aðalskipulags Skaftárhrepps.

Fleira ekki gert,
fundargerð undirrituð síðar,
fundi slitið klukkan: 16.01

Jón Hrafn Karlsson

Rúnar Þorri Guðnason

Jóhannes Gissurarson

Guðbrandur Magnússon

Guðmundur Vignir Steinsson